

um breyting á lögum nr. 54/1928, um Menningarsjóð.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Stofna skal sjóð, er nefnist Menningarsjóður. Tilgangur hans er að styðja almenna menningu í landinu, rannsókn islenskrar náttúru og þróun þjóðlegrar listar.

Tekjur sjóðsins skulu vera 1% af rekstrarhagnaði Áfengisverzlunar ríkisins ár hvert. Framlag til sjóðsins samkvæmt þessu greiðist í fyrsta sinn af rekstrarhagnaði ársins 1952.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 70 1936.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér óbundna afstöðu til málsins.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að tekjustofni Menningarsjóðs verði breytt og tekjur sjóðsins gerðar öruggari en verið hefur.

Með samþykkt laga nr. 70/1936 var ákveðið, að lágmarkstekjur sjóðsins skyldu nema árlega kr. 50000.00. Svo sem kunnugt er, hefur allt verðlag breytt stórlega síðan. Nægir í því sambandi að benda á, að á þessu tímabili hafa allar starfsstéttir þjóðfélagsins fengið stórfelldar grunnkaupshækkunar og auk þess öll laun og margir opinberir styrkir verið greiddir með verðlagsuppbót.

Þrátt fyrir þetta hefur ákvæðinu um tekjur Menningarsjóðs ekki verið breytt. — Eðlilegt hefði þó verið, að þær hefðu hækkað hlutfallslega svipað og laun almennt, þar sem langflestir, ef ekki allir kostnaðarliðir í starfsemi sjóðsins hafa hækkað í líku hlutfalli og þau.

Eftirfarandi yfirlit gefur nokkra hugmynd um, hversu tekjur sjóðsins hafa lækkað í hlutfalli við aukna dýrtíð síðan árið 1936, þegar sett var ákvæðið um lágmarkstekjur hans. Miðað er við kr. 50000.00 greiðslu árið 1936 og hvað sú fjárhæð hefði átt að hækka nokkur s. l. ár samkvæmt hækkun á tímakaupi Dagsbrúnarmanna. Með því sést, hverjar tekjur Menningarsjóðs hefðu átt að vera, ef þær hefðu hækkað hlutfallslega eins. Jafnframt eru tekjur sjóðsins tilgreindar, bæði að fjárhæð og hundraðstölu, og sýnt, hverju hlutfallsleg lækkun þeirra nemur hvert þessara ára.

	Dagsbr.-kaup pr. klst.	Tekjur Msj. hefðu átt að vera samkv. hlutfallslegri hækkun	Tekjur Msj. voru kr.	Tekjur sjóðsins voru að hundraðstölu miðað við hlutfalls- lega hækkun Dagsbr.-kaups síðan 1936	Tekjur Msj. hafa lækkað hlutfalls- lega um kr.
Árslok 1936	1.36	50 000.00	50 000.00	100%	
Meðalt. 1945	6.77	249 000.00	106 703.60	43%	142 296.40
Meðalt. 1949	8.82	324 500.00	259 679.50	80%	64 820.50
Meðalt. 1950	10.01	368 000.00	181 543.50	49%	186 456.50
Meðalt. 1951	12.10	445 000.00	172 704.50	39%	272 295.50
Sept. 1952	13.86	509 500.00	172 704.50	34%	336 795.50

(áætlað)

Yfirlit þetta þarfnast ekki langra skýringa. Yfirlitið sýnir ótvírátt, að mjög mikið hefur skort á, að tekjur Menningarsjóðs hafi vaxið í samræmi við aukna dýrtíð. Þess ber jafnframt að gæta, að verkefni sjóðsins og starfsemi hafa aukizt mikið síðan 1936, þegar sett var ákvæðið um lágmarkstekjur hans.

Breyting sú, sem farið er fram á í frumvarpinu, virðist sanngjörn og nauðsynleg, enda getur sjóðurinn alls ekki sinnt ætlunarverki sínu, nema hann fái öruggari tekjustofn en hann hefur nú.